

GÆÐASTAÐALL UM VERKJAMEÐFERÐ

INNGANGUR

Verkur er hverskonar líkamlegur sársauki eða óþægindi . Verkur getur verið staðbundinn eða dreifður, langvarandi, skyndilegur, samfelldur eða með hléum. Hann getur fylgt hreyfingu eða verið í hvíld. Verkur er það sem íbúi segir hann vera (samkvæmt skilgreiningu í handbók RAI).

Verkir eru tíðir meðal íbúa á hjúkrunarheimilum og geta valdið verulegum óþægindum.

STAÐALL

Íbúar hjúkrunarheimilisins Sóltúns fá meðferð við bráðum og langvarandi verkjum. Verkjameðferð er sú meðferð sem íbúi er sáttur við og þekking og önnur bjargráð leyfa.

UPPBÝGGINGARVIÐMIÐ

- Starfsfólk búi yfir þekkingu á verkjum og verkjameðferðum og noti hana í störfum sínum (s.s. lyfjameðferð, rafbylgjumeðferð, hita- og kuldameðferð, slökun, nuddi, ilmólúmeðferð og öðrum athöfnum sem dreifa huganum).
- Mælitæki til að framkvæma verkjamat séu til staðar í Sóltúni s.s. verkjamatsblað og VAS-skali.
- Gæðavísar samkvæmt RAI mati skulu mældir 3 x á ári. Algengi verkja samkvæmt Sögukerfi sé skoðað x 3 á ári og endurskoðuð sú meðferð sem notuð er.
- Símenntun starfsmanna taki stöðugt mið að því að upplýsa um framfarir í verkjameðferð.

FRAMKVÆMDARVIÐMIÐ

- Verkjamat fari fram hjá öllum íbúum sem hafa verki og skráð markvisst í hjúkrunarskrá Sögu og RAI.
- Verkjameðferð ákvörðuð í teymi íbúa, í samráði við hann og/eða aðstandendur hans. Stærð teymisins er einstaklingsbundið eftir þörfum íbúa.
- Í eiturefnaskáp hvers lyfjaherbergis er handbók um verkjameðferð þeirra sem eru á líknandi meðferð og þurfa sterk verkjalyf

ÁRANGURSVIÐMIÐ

- Íbúi tjái sig um viðunandi árangur verkjameðferðar. Stefnt er því að verkir mælist ekki meiri en 0,9-1,5 á RAI skala.
- Íbúar hafi þjáningarlaust yfirbragð.
- Íbúar séu sáttir við þá verkjameðferð sem þeir fá.
- Starfsfólk geti af öryggi tekist á við verkjameðferð og hafi til þess þau bjargráð sem finnast.

07.11.2007